

## 7. fundur í skólaráði 19. maí 2011 í Grunnskólanum á Hól mavík kl. 17:00.

**Mættir eru:** Jóhanna Guðbrandsdóttir, Vala Friðriksdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson, Sverrir Guðmundsson, Stella Guðrún Jóhannsdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir og Hildur Guðjónsdóttir sem ritar fundargerð.

### Til umfjöllunar er skólaárið 2011-2012.

#### 1. Stundatafla

Fræðslunefnd hefur nú samþykkt að fela skólastjórnendum að skipuleggja skólastarfið með þeim hætti að skóladagurinn hefjist klukkan 8:10 og að allir nemendur í 1. – 10. bekk ljúki skóladeginum í Grunnskólanum á sama tíma eða um klukkan 14:00. Kennslumagn bekkjardeilda verður samkvæmt gildandi viðmiðunarstundaskrá frá menntamálaráðuneyti. Samþykkt hefur verið að kennslumagn í almennri kennslu verði 220 tímar. Kennslumagn í sérkennslu verði 30 stundir.

Skólaráð ræddi þessa lækkun á fjölda kennslustunda á ári en nú lækkar tímamagn skólans úr 254 stundum í almennri kennslu og úr 43 í sérkennslu í 30. Skólaráð gerir sér grein fyrir hagræðingunni en leggur áherslu á að við fækkun kennslustunda þarf að passa að það þýði ekki beina skerðingu á námi því ef svo væri ætti skólaráðið erfitt með að samþykkja það sem slíkt. Ráðið fagnar því að markmiðið með nýja fyrirkomulaginu er þó að ná fram hagræðingu í kennslu og aukinni samvinnu kennara sem er af hinu góða.

#### 2. Skólamötuneytið

Áfram verður Keypt þjónusta af Café Riis og munu nemendur fara í mat á Café Riis. Fyrirkomulag verður útfært nánar í samráði við verktaka. Ýmsar útfærslur mögulegar t.d. að skipta nemendum upp í hópa eða allir fari á sama tíma. Skólabíll flytur yngri nemendur til og frá íþróttahúsi í kringum matartíma þegar þannig ber undir. Starfsfólk frá skólanum fylgir nemendum og sinnir gæslu á milli skóla og í mötuneyti.

- 1. – 3. bekkur 12:00 – 12:40
- 4. – 6. bekkur 12:20 – 12:50
- 7. – 10. bekkur 12:40 – 13:00
- Einnig möguleiki að allir fari í mat á sama tíma

Hugmynd er uppi um hvort gera þurfi könnun á því hvernig mat nemendur/foreldrar vilja að boðið sé upp á t.d. léttari máltíð, súpa, skyr eða annað. Lögð er áhersla á að kostnaður við skólamötuneyti hækki ekki við þessa breytingu. Fræðslunefnd eða sveitarstjórn sér um framkvæmd þessarar könnunar ef hún á að vera framkvæmd.

Skólaráð telur að það geti verið hressandi að labba niður á Riis og góð tilbreyting að breyta um umhverfi. Mikilvægt er að keyra nemendum með skólabíl í vondum veðrum. Skoða þarf að lengja matarhlé elstu bekkinga en þá lengist skóladagurinn samhliða. Það má huga að því að laga leiðina frá skólanum að Café Riis t.d. að tröppurnar frá kirkjunni og niður í Brunngötu. Einnig þarf að tryggja hálfkuvarnir og sanda og/eða salta brekkuna við leikskólann og skoða lýsingu ljósastaura á þessari leið og á leiðinni upp í íþróttahús. Mikilvægt er að tryggja einnig og bæta lýsingu frá Vitabrutinni að Íþróttamiðstöðinni. Gott væri að skoða með það að setja upp viðvörunarmerki um að börn séu á ferð á þessum leiðum.

### 3. Heimilisfræðikennsla

Frá og með næsta skólaári verður öll heimilisfræðikennsla kennd í Félagsheimili Strandabyggðar og verður hún kennd með sama hætti og í vetur þar sem hver námshópur er einn dag í mánuði í heimilisfræði. Með skiptingu gætu þetta orðið 4 – 6 daga í mánuði.

Skólaráð leggur áherslu á að farið sé eftir markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og kenna þá þætti heimilisfræðinnar sem tilgreindir eru þar. Skólaráðsfólki list vel á þessa hugmynd.

### 4. Skipulag bekkjadeilda skólaárið 2011-2012.

Ákveðið hefur verið að kenna í eftirtöldum bekkjadeildum:

1.-3. bekkur = 25 nemendur

4.-6. bekkur = 20 nemendur

7. og 8. bekkur = 25 nemendur

9. og 10. bekkur = 12 nemendur

Samtals: 82 nemendur.

Tekið verður upp „tveggja-kennara-kerfi“ í 1.-8. bekk.

Skólaráð styður framkomnar hugmyndir um skipan bekkjardeilda skólaárið 2011 – 2012

### 5. Framkvæmdir við skólahúsnaðið vegna stækkunar á námshópum og frekari aðlögunar húsnaðis að skólastarfi.

Opnað verður á milli fimm rýma í skólastofum í sumar til að tryggja aðgengi stærri nemendahópa. Skólastofur verða 4. Sérkennsla færast í rými sem verðu til í gamla skóla við hlið núverandi tónlistarstofu. Vinnuaðstaða fyrir kennara og skólastjórnendur verður bætt til muna. Ráðgert er að prufukeyra nýtt fyrirkomulag næsta vetur með því að nýta núverandi tónlistarstöðu fyrir vinnuaðstöðu kennara og skólaritara og færa aðstoðarskólastjóra í rýmið fyrir framan skrifstofuna í gamla skólanum.

Skólaráð bendir á ábyrgð fræðslunefndar og sveitarstjórnar um að tryggja að fyrirhugaðar breytingar á skólahúsnaðinu og aðbúnaði nemenda og starfsfólks nái fram að ganga til að létta undir þeim breytingum sem eru að verða á skólastarfinu.

### 6. Skólaskjól

Ákveðið er að breyta fyrirkomulagi vegna Skólaskjól. Undanfarin ár hefur verktaki séð um starfsemina í samráði við skólann en frá og með næsta skólaári munu starfsmenn skólans starfa við Skólaskjól. Starfinu verður blandað saman við störf stuðningsfulltrúa sem sjá þá jafnframt um Skólaskjól. Laugardaginn 21. maí verður auglýst eftir 3 stuðningsfulltrúum. Skólaráð styður við framkomnar hugmyndir um breytingar á Skólaskjól en leggur áherslu á að áfram verði veitt góð þjónusta við lengda viðveru nemenda.

### 7. Kennarastöður

Kynnt var staða starfsmannahalds við Grunn- og Tónskólans.

Laugardaginn 21. maí verður auglýst í Fréttablaðinu eftir tungumálakennara í 100% stöðu og 100 % stöðu tónlistarkennara. Viðar Guðmundsson mun koma aftur til starfa við skólann og Barbara Ósk Guðbjartsdóttir mun kom í aukið starfshlutfall.

## **8. Erindisbréf og starfslýsingar skólastjórnenda**

Skólastjóri hefur óskað eftir því við fræðslunefnd og sveitarstjórn að þessir aðilar hafi forgöngu um að gerð verði erindisbréf og starfslýsingar fyrir skólastjórnendurog hefur Sveitarstjóri nú þegar ákveðið að vinna að þessu í samráði við skólastjórnendur. Skólaráð tekur undir að það sé mikilvægt skref að skilgreina betur hlutverk þeirra sem starfa innan skólans.

## **9. Fræðslustjóri - skólaskrifstofa**

Skólastjórnendur hafa gert tillögu að því að hafinn verði vinna við að kanna möguleika á ráðningu fræðslustjóra. Fræðslunefnd hefur samþykkt að hafinn verði vinna við að kanna möguleika á ráðningu fræðslustjóra og skilgreiningu á hlutverki hans og aðkomu að skólum í sveitarfélaginu. Í dag gegna skólastjórnendur þessum hlutverkum eins og hægt er og er það í raun stór hluti af starfi þeirra í dag sem er nauðsynlegt að meta og skilgreina inn í erindisbréf og starfslýsingar skólastjórnenda. Skólaráð fagnar því ákaft að kannaðir verða möguleikar á ráðningu fræðslustjóra sem styður við leik- og grunnskóla.

## **10. Tónskólinn**

Fræðslunefnd hefur samþykkt að stytta starfstíma Tónskólans úr 9. mánuðum í 8 1/2 mánuð. Starfstíminn skal vera á tímabilinu 1. september til 5. maí og mun það sem upp á vantar til 8 1/2 mánaðar starfstíma dreifast á það tímabil.

Fræðslunefnd samþykkir að allir nemendur í 1. – 10. bekk geti með leyfi forráðamanna stundað tónlistarnám á skólatíma.

Laugardaginn 21. maí verður auglýst í Fréttablaðinu eftir tónlistarkennara í 100% stöðu. Kennslugreinar grunn- eða miðstig, píanó, gítar, bassi, slagverk og tónfræðigreinar.

Afmarkað verður kennslurými fyrir Tónskóla þar sem mötuneytið er nú þar sem verða tvær kennslustofur og salur til samspils og tónleikahalds. Möguleiki verður kannaður á að koma upp þriðja kennslurýminu á efri hæð skólans. Þannig er Tónskólinn kominn í varanlegra húsnæði en áður.

Skólaráð telur mikilvægt að halda fund með foreldrum barna í Tónskólanum og foreldrum og nemendum sé gerð góð grein fyrir því að það sé á þeirra ábyrgð að vinna upp námsefni sem fer fram í kennslustofunni á meðan nemendur eru í tónlistartímum. Einnig er mikilvægt að kennarar, nemendur og foreldrar láti vita ef tónlistartími hentar einhverra hluta vegna nemandanum ekki til þess að hægt sé að finna lausn á því.

## **11. Kynning á skóladagatali Grunnskólans skólaárið 2011-2012**

Rætt var um að hafa prófatímabil í stað prófdaga sem eru í dag „skertir skóladagar nemenda“. Skólaráð samþykkir skóladagatal Grunnskólans fyrir skólaárið 2011-2012.

## **12. Önnur mál.**

Þar sem skólaráð hefur núna farið yfir öll málefni vetrarins á þessum sjö fundum er þetta síðasti fundur á skólaárinu 2010-2011. Kynningum um Tónskólann og Grænfánaverkefnið verður frestað

til hausts vegna aðstæðna. Á fyrsta fundi skólaráðs á nýju skólaári verður starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2011-2012 útbúin. Finna þarf fulltrúa nemenda í stað Arnórs Jónssonar sem er að útskrifast úr 10. bekk skólans.

*Skólastjóri þakkar skólaráðsfólki fyrir ánægjulegt og gagnlegt samstarf í vetur og hlakkar til að starfa með þessu góða fólki á næsta skólaári.*